224. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Þriðjudaginn 26. maí 2026.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestir fundar voru Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf og Halldór Arason frá Deloitte.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 09:30.*
2. *Fundargerð 223. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerðin var samþykkt.
3. *Erindi sem varðar þjóðargrafreitinn á Þingvöllum*. Ragnhildur kynnti. Tölvupóstur barst til formanns kirkjugarðaráðs frá svokölluðum Jónasarhópi, þar sem óskað er eftir stuttri umsögn kirkjugarðaráðs og biskups vegna fyrirhugaðrar DNA-greiningar á beinum Jónasar Hallgrímssonar sem jarðsettur er á Þingvöllum. Formaður kirkjugarðaráðs mun leita eftir áliti lögmanns á erindinu.
4. *Undirbúningur fyrir fund með dómsmálaráðherra.* Arnar Haraldsson kom inn á fund og kynnti málið ásamt Ágústu og Ingvari. Staðfest er að fundur kirkjugarðaráðs með dómsmálaráðherra verður haldinn 1. júní nk. Þrjú eiga kost á að mæta frá kirkjugarðaráði til fundarins, Ingvar, Smári og Ágústa og mun Arnar einnig vera með. Arnar fór yfir drög að kynningu sem HLH hefur unnið fyrir kirkjugarðaráð vegna fyrirhugaðs fundar með ráðherra. Í kynningunni er farið yfir hvernig framlag ríkisins til kirkjugarða hefur þróast frá því samkomulag var gert árið 2005 og til ársins 2025. Jafnframt er litið til framtíðar og hvernig haga ætti samtali við ríkið til að rétta kúrsinn. Mikilvægt er að kirkjugarðaráð bendi á tillögur að lausnum. Framlag ríkisins fylgdi reiknilíkani fjármálaráðuneytis allt frá undirritun samkomulags fram að hruni, en árið 2009 nýtti ríkið heimild í 3. gr. samningsins til að lækka einingaverð. Síðan þá hefur skerðing aukist og orðið varanleg. Einföld leið til að meta uppsafnaða skerðingu er að uppfæra framlagið frá 2005 með vísitölu neysluverðs hvers árs. Ef litið er til uppsafnaðs mismunar á verðlagi á tímabilinu 2005–2025 er niðurstaðan -7,3 milljarðar. Ítarlegri greining felur í sér að skoða einingaverð úr samningnum, uppfæra þau með tilliti til verðlags og margfalda með raunverulegum magntölum hvers árs. Sé þessari nálgun beitt sést að uppsafnaður mismunur á árabilinu nemur -10,5 milljörðum. Niðurstaða greiningarinnar er að forsendubrestur hafi orðið, skerðingin árið 2009 er varanleg og reiknilíkanið frá 2005 endurspeglar ekki lengur veruleikann í breyttu umhverfi nútímans. Nú er

tækifæri til að marka skýra framtíðarsýn í málaflokknum í samstarfi við ríkið. Nálgast þarf lausnir á fjármögnunarvandanum á tvíþættan máta. Annarsvegar með nýju samkomulagi og reiknilíkani sem grundvallast á umbótum í rekstri kirkjugarða. Hins vegar með nýtingu sértekjumöguleika og á útvíkkun tekjustofna utan beins ríkisframlags, mögulega með breytingu á lögum. Kirkjugarðaráði leist vel á kynningu HLH sem verður uppfærð eftir athugasemdir. Sérstakur undirbúningsfundur verður haldinn föstudaginn 29. maí. með þeim sem mæta til fundarins í dómsmálaráðuneyti.

5. *Ársreikningar kirkjugarðaráðs og framlags ríkisins (Grafarsjóðs).* Halldór Arason sat þennan fundarlið og kynnti ársreikningana. Ársreikningarnir voru samþykktir og undirritaðir.
6. *Önnur mál.* 1) Engin önnur mál.
7. *Næsti fundur.* Fundað verður þriðjudaginn 23. júní 2026 kl. 10:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 11:20.